Fljótsdalshreppur

AÐALSKIPULAG 2014-2030

FORSENDUR OG UMHVERFISSKÝRSLA

26. nóvember 2014

Unnið fyrir Fljótsdalshrepp

Landmótun sf. Hamraborg 12, 200 Kópavogur

Greinagerð: Einar E. Sæmundsen
Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir
Lilja Kristín Ólafsdóttir

Uppsetning greinagerðar: Jóhann Sindri Pétursson

LJÓSMYNDIR

Fljótsdalshreppur

Landmótun. L.M.

Mynd á kápu. Ljósmynd. E.E.S.

Fljótsdalshreppur

AÐALSKIPULAG 2014-2030

Forsendur og umhverfisskýrsla

LANDMÓTUN

Einar E. Sæmundsen
Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir
Lilja Kristín Ólafsdóttir

EFNISYFIRLIT

1. FORSENDUR....6
1.1 STAÐFRÆÐI....6
1.2 SAMFÉLAG-BÚSETUMYNSTUR....6
1.2.1 Íbúaþróun....6
1.3 EINKENNI LANDS OG BYGGÐAR....9
1.3.1 Veðurfar....9
1.3.2 Jarðfræði og landslag....9
1.3.3 Gróðurfar....10
1.3.4 Dýralíf....11
1.3.5 Grunnvatn-neysluvatn-frárennsli-vatnsvernd....12
1.3.6 Jarðhiti....14
1.3.7 Efnistaka....15
1.4 NÁTTÚRUVÁ....15
1.4.1 Eldvirkni og jarðskjálftar....15
1.4.2 Skriðuföll....15
1.4.3 Snjóflóð og krapaflóð....15
1.4.4 Flóðvegna stíflurofs....16
1.5 NÝTING OG VERNDUN....16
1.5.1 Flokkun landbúnaðarlands vegna nýtingar....16
1.5.2 Jarðvegsrof....16
1.5.3 Náttúruvernd....16
1.5.4 Svæði á náttúruminjaskrá í Fljótsdalshreppi....17
1.5.5 Á hálendishluta Fljótsdalshrepps eru....19
1.5.6 Djásnaskrá Helga Hallgrímssonar....19
1.5.7 Önnur friðlýsing vegna náttúruverndar....21
1.5.8 Umráð lands....21
1.5.9 Eignarhald á bújörðum....22
1.5.10 Friðlýstar fornleifar....22

2. UMHVERFISSKÝRSLA 25
2.1 YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR 25
2.2 TILGANGUR UMHVERFISMATS 25
2.3 TENGSL VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ 25
2.3.1 Áætlanir á landsvísu 26
2.3.2 Alþjóðlegar samþykktir 27

3. UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING 27
3.1 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS 27
3.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ 27

4. UMHVERFISMAT 29
4.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM ATVINNU 29
4.1.1 Samantekt niðurstaða 30
4.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMGÖNGUR OG GRUNNKERFI 30
4.2.1 Samantekt niðurstöðu 32
4.3 MÓTVÆGISAÐGERÐIR, VÖKTUN 33
4.3.1 Matsskyldar framkvæmdir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum 33

5. SAMRÁÐ 34
5.1 KYNNING UMHVERFISSKÝRSLU 34

6. SAMLEGÐARÁHRIF OG HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNU 34

7. UPPDRÆTTIR 35
7.1 ÞEMAUPPDRÆTTIR 35

8. HEIMILDIR 46
8.1 RITAÐAR HEIMILDIR 46
8.2 VEFHEIMILDIR 47

1. FORSENDUR

1.1 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Fljótsdalur skiptist innan til í Suðurdal og Norðurdal sem eru næsta ólíkir. Frá náttúrunnar hendi er sveitin gædd flestum þeim landkostum, sem hægt er að búast við hér á landi. Landslag er fagurt og fjölbreytt. Reglulega lagskipt basaltfjöll, víða með háum björgum, setja svip sinn á dalinn og flæðislétta, sem Kelduá og Jökulsá liðast um. Hlíðar eru víða vaxnar blómgróðri og birkiskógi og meðal þeirra eru nokkrir stórvöxnustu skógar landsins. Víða má þó sjá merki um margra alda ofbeit og öskufallið úr gosinu í Öskju árið 1875 olli verulegri röskun á gróðri og jarðvegi. Einnig hafa skriðuföll iðulega valdið landspjöllum, einkum í Suðurdal. Vegna hagstæðs veðurfars eru ræktunarmöguleikar miklir og fjölbreyttir. Skógrækt, sem þáttur í búskap, hófst í Fljótsdal árið 1970 og getur nú víða að líta myndarlega lerkiskóga. Á hásléttunni inn af Fljótsdal eru víðáttumikil og vel gróin heiðalönd, ágætar afréttir fyrir sauðfé. Þar eru ennfremur aðalheimkynni hreindýranna hér á landi. Upp af hásléttunni rís Snæfell (1833 m y.s.), umkringt þyrpingu af lægri fellum og austan þess er Eyjabakkakvosin með sinni fögru flæðisléttu. Innan við Snæfell ber jökulhvel Vatnajökuls við himin. (H.H.)



Mynd 1-1. Búferlaflutningar 2002-2011.

1.2 SAMFÉLAG-BÚSETUMUNSTUR

1.2.1 ÍBÚAÞRÓUN



Mynd 1-2. Íbúaþróun 1991-2012.

Einkennandi fyrir byggð í Fljótsdalshreppi er landbúnaður og búa allir íbúar í dreifbýli. Tölur um fjölda íbúa í sveitarfélaginu sl. 10 ár gefa ekki rétta mynd af íbúaþróuninni bæði vegna fámennis og einnig vegna virkjanaframkvæmda í sveitarfélaginu á árunum 2005-2009 en þegar framkvæmdir við Kárahnúkavirkjun stóðu sem hæst voru ríflega 500 skráðir með lögheimili í Fljótsdalshreppi og stór hluti þess erlendir ríkisborgarar (mynd 1-1 til 1-3). En ef litið er allt aftur til ársins 1991 þá hefur íbúum í sveitarfélaginu heldur fækkað, að undanskildum framkvæmdaárunum 2005-2009. Eins og sjá má á mynd 1-2 þá fluttu flestir til sveitarfélagsins á árunum 2004-2006 eða að meðaltali um 150 einstaklingar á ári. Þessi fjölgun gekk til baka á árunum 2007-2009.

Aldurstré fyrir sveitarfélagið gefur einhverja mynd af aldursdreifingu íbúa þó svo að fámennið geri það að verkum að oft eru stór skörð í ýmsum aldurshópum. Eins og sést á mynd 1-4 er aldurshópurinn sem er einna virkastur á atvinnumarkaðnum, þ.e. aldurshópurinn 25-44 ára, áberandi fámennur sem gefur til kynna að sá hópur hafi flust frá sveitarfélaginu. Fólk á þessum aldri er líklegast til að stofna fjölskyldu og því hefur brottflutningur þess mikil áhrif á fjölda barna í sveitarfélaginu næstu árin. Leiða má líkum að því að fólk á þessum aldri leiti annað til þess að mennta sig eða að frekari atvinnutækifærum.



Mynd 1-4. Aldursskipting í Fljótsdalshreppi 2012.



Mynd 1-3. Hlutfall innlendra og erlendra ríkisborgara.

Atvinnuhættir

Í Fljótsdalshreppi hefur sauðfjárrækt alla tíð verið aðal atvinnugreinin enda eru góð beitilönd í hreppnum ásamt víðáttumiklum og vel grónum heiðarlöndum. Í Fljótsdalshreppi eru stórir hópar hreindýra. Atvinnuhættir í sveitarfélaginu hafa þó breyst nokkuð síðustu tvo áratugi, aðallega vegna samdráttar í landbúnaði og niðurskurðar sauðfjár vegna riðu.

Segja má að bændaskógrækt hafi tekið við af sauðfénu því í dag er stunduð bændaskógrækt á flestum jörðum í sveitarfélaginu og hefur sú atvinnugrein skapað nokkrar tekjur og atvinnu fyrir íbúa hreppsins á undanförnum árum. Vinna við gróðursetningu hefur þó dregist saman en hins vegar hefur vinna við grisjun og fleira þess háttar aukist. Skógur í Fljótsdalshreppi þekur nærri 2500 ha að undanskildu Lagarfljóti. Það svarar til þess að skógur og skógræktarsvæði þekja nær 18% af flatarmáli hreppsins neðan 400 m.y.s.

Í áætluninni „Skógar á Íslandi – Stefna á 21. öld“ er gælt við það markmið að árið 2100 eða eftir tæp 90 ár hafi skógar vaxið á allt að 12% af flatarmáli Íslands. Heildar flatarmál Fljótsdalshrepps er 1516 km^3 og því þekja skógar og skógrækt 1,6% af öllu flatarmáli hreppsins í upphafi skipulagstímabilsins.



Mynd 1-5. Þróun sauðfjárfjölda 1990-2011.



Mynd 1-6 Þróun í fjölda hrossa og varphænsna 1990-2011.

Mannvist og mannlíf í Fljótsdal

Uppbyggingin á Skriðuklaustri og annarri ferðaþjónustu hefur skapað ný störf í sveitarfélaginu. Ársverkum í hefðbundnum landbúnaði hefur fækkað líkt og annars staðar, þrátt fyrir að búskapur sé fjölbreyttari nú en áður var og algengt er að fólk sæki atvinnu út fyrir sveitarfélagið jafnhliða búskap.



Mynd 1-5. Skipting ársverka í Fljótsdalshreppi fyrir árið 2013.

Landbúnaður, að stærstum hluta sauðfjárrækt hefur ávallt verið mikilvægasta atvinnugreinin í Fljótsdalshreppi. Stafar það ekki hvað síst af þeim aðstæðum sem þar eru, vel grónar afréttir og hagstætt veðurfar til ræktunar. Í kjölfar breyttra almennra búskaparhátta hefur mjólkurframleiðsla lagst af og á forðagæsluskýrslum haustið 2002 er enginn nautgripur skráður í hreppnum. Þegar riða í sauðfé fór að breiðast út á Austurlandi milli 1980 og 1990 var fé skorið niður með skipulegum hætti til að stöðva framgang veikinnar. Niðurskurði lauk að mestu í Fljótsdalshreppi árið 1990. Eftir það hefur riðuveiki komið upp aftur á tveimur bæjum, þó hvergi síðan 1992. Á flestum bæjum hófst sauðfjárbúskapur að nýju og sauðfé fer fjölgandi ár frá ári. Skiptingu ársverka má sjá á mynd 1-5.

Ræktun korns til fóðurs hófst árið 1960 og hefur staðið með nokkrum hléum síðan. Árið 2012 var korn ræktað á 8-9 ha, en til samanburðar var ræktað korn á 35 ha árið 1962. Ræktun kartaflna hefur skilað viðunnandi árangri þegar hún hefur verið stunduð í atvinnuskyni. Nýjar búgreinar á borð við býflugnarækt hafa verið reyndar. Hestar eru á flestum bæjum, hrossarækt og tamningar nokkuð stundaðar. Hlunnindanytjar, s.s. arðgreiðslur vegna hreindýraveiða á síðustu árum, eru mikilvægur þáttur auk þess sem hlunnindi á borð við silungsveiðar hafa verið nýtt, mismikið þó eftir árum. Kelduá skapar stærstan hluta þeirra hlunninda. Í Fljótsdalshreppi eru að mörgu leyti góð skilyrði til landbúnaðar en framtíðarmöguleikar greinarinnar ráðast ekki hvað síst af þróun markaða fyrir kindakjöt, uppbyggingu skógræktar og skógariðnaðar og nýjum möguleikum sem kunna að skapast í stórfum tengdum landbúnaði.

Fljótsdalsstöð

Végarður

Vinnuskólinn í leik

Brettasmiðja að Bessastöðum

1.3 EINKENNI LANDS OG BYGGÐAR

1.3.1 VEÐURFAR

Helstu upplýsingar um veður og veðurfar á Héraði eru frá veðurathugunarstöðvunum; Nefbjarnarstöðum, Gunnhildargerði og Dratthalastöðum á Út-Héraði, svæðinu kringum kaupstaðinn Egilsstaði og frá Hallormsstað. Á þessum stöðum eru til nær samfelldar veðurathuganir frá því á fyrri hluta 20. aldar. Þá var veðurathugunarstöð um tíma á Skriðuklaustri (1952-1979).

Einkenni veðurfars í Fljótsdal er staðviðri, þurrt og hlýtt. Vindáttir í byggð taka að jafnaði mið af landslagi. Í Fljótsdal er aðalvindáttin suðaustanátt. Meðalhiti á Hallormsstað á tímabilinu 1960-1990 var 3,4°C eða aðeins hærri en á Akureyri þar sem hann var 3,2°C. Í Reykjavík var meðalhiti á þessu tímabili 4,3°C. Meðan athuganir voru gerðar á Skriðuklaustri mældist úrkoma að jafnaði 533 mm á ári. Til viðmiðunar er hún tæpir 500 mm á Akureyri og tæpir 800 í Reykjavík.



Mynd 1-6. Vindrósir fyrir Hallormsstaðaháls.

1.3.2 Jarðfræði og landslag

Berggrunnur Austurlands samanstendur einkum af storkubergi og setbergi. Storkuberg flokkast m.a. í gosberg og djúpberg. Gosbergið myndar víða fjölda hraunlaga úr basísku bergi sem runnið hefur frá gossprungum. Á milli hraunlaga eru víða rauðleit setbergslög. Setið hefur þjappast saman undan því fargi sem ofan á liggur og orðið að föstu bergi. Þessi setbergslög vitna um fornan jarðveg en einnig gjóskulög og ár- og vatnaset. Þau eru oft rauð- eða rauðbrúnleit á litinn sem stafar af efnaveðrun járnsambanda í röku loftslagi.

Jarðlagastaflinn á Austurlandi hallar að jafnaði í átt að gosbeltinu á Norðurlandi, þ.e. til vesturs. Víða er hallinn um 7-10° við sjávarmál en ofar í fjöllunum minnkar hann nokkuð og er um 2-3°, jafnvel minni.

Þar sem jarðlögunum hallar til vesturs er elsta hluta berggrunnsins að finna austast á fjörðunum og yngist hann eftir því sem ofar og vestar er haldið. Í mynni Reyðarfjarðar er bergið um 13 milljón ára, um 10 milljón ára á fjallatoppum í innanverðum Fagradal. Í Teigsbjargi í Fljótsdal er talið að berggrunnurinn sé um 5 milljón ára gamall Enn vestar eða í ofanverðum Fljótsdal og á Jökuldal finnast jökulbergslög sem eru ummerki kuldaskeiða á ísöld. Samanlögð þykkt jarðlagastaflans er um 9 km frá Dalatanga í austri til Vatnajökuls í vestri og hefur hraði upphleðslunnar verið áætlaður um 860 m á hverjum milljón árum að meðaltali.

Mynd 1-7. Úr Fljótsdal þar sem jarðlög og berggangur er mjög sýnilegur í landslagi.

Í berggrunni Austurlands er víða að finna merki útkulnaðra megineldstöðva þar sem staðbundin eldvirkni hefur átt sér stað. Líftími megineldstöðva er á bilinu 0,5-1,5 milljón ár. Gosmyndanir megineldstöðvanna eru mjög fjölbreytilegar samanborið við basalthraunlögin umhverfis þær. Þar finnst bæði basískt og súrt berg auk gjóskulaga. Innskotsberg (djúpberg) er fjölbreytt, bæði að lögun og berggerð. Víða hefur orðið mikil ummyndun í berginu í og við megineldstöðvar auk þess sem þar er að finna mikið ganga- og misgengiskerfi. Í hinni kunnu Þingmúlaeldstöð eru þóleiít, andersít og ríólít helstu bergtegundir.

HLUTFALL BERGGERÐAR Í ÞINGMÚLAELDSTÖÐINNI

Í miðhluta eldstöðvarinnar eru hraunlög og innskot af andersít- og ríólítgerð algengari heldur en á jöðrum eldstöðvarinnar auk þess sem ummyndun bergsins gætir meira þar. Bæði berggerð og ummyndun þess valda því að litasamsetning bergsins á svæðinu er mjög fjölbreytt..

Undir lok tertíer-tímans kólnaði loftslag mikið og náðu þá skriðjöklar að myndast, fyrst í megineldstöðvum. Þaðan skriðu þeir til austurs og norðausturs og grófu um leið landslagið eins og það þekkist í dag. Ísbreiðan hefur þá hulið það svæði er nú myndar Fljótsdalsheiði og Hallormsstaðaháls, en líklega hafa hæstu eggjar brattra fjalla á norðanverðum Austfjarðafjallgarðinum lengst af eða ávallt verið íslausar.

Eftir að síðasta kuldaskeiði lauk fyrir um 10.000 árum hafa árnar haft hvað mest áhrif á landmótun á Austurlandi auk sjávarrofs. Þær hafa víða grafið djúp gljúfur og þar sem straumur þeirra minnkar skila þær af sér framburði sínum og mynda áreyrar eða hálffyllta firði. Á annesjum brotnar úthafsaldan með miklum þunga, sem hægt og bítandi grefur sig inn í berggrunninn og eftir standa sæbrött fjöll.

Berggerð	Hlutfall berggerðar 1%
Ólivín-þóleiít	7
Þóleiít	50
Andersít	18
Ríólít	21
Dílabasalt	1
Gjóskuberg	3

Tafla 1-1. Hlutfall berggerða í Fljótsdalshreppi.

1.3.3 GRÓÐURFAR

Land í Fljótsdalshreppi er víðast hvar vel gróið, grösugar engjar og vel gróin heiðalönd þar sem skiptast á mýrar, flóar og mosavaxin holt. Kvistlendi og skógar eru áberandi á láglendi og í dölum inn af byggð. Þetta svæði er eitt mest gróna svæði landsins, rof mjög lítið og uppblásturshætta nánast engin. Ein mikilvægasta auðlind sveitarfélagsins er án efa hið velgróna land sem tekur bæði til heimajarða og afréttar. Fljótsdalur er því vel fallinn til landbúnaðar. Af gróðurfars- og veðurfarslegum ástæðum er Fljótsdalur einnig vel fallinn til skógræktar. Nú liggur fyrir að í náinni framtíð muni ræktaður skógur setja verulegan svip á allt land í byggð neðan 400 m.y.s.

GRÓÐURFLOKKAR EFTIR HÆÐARBELTI

Á öllu Héraðssvæðinu neðan 300 m.y.s. er um 94% lands með gróðurþekju. Á landi yfir 300 m.y.s. er hins vegar um 63% landsins þakinn gróðri. Þessar tölur gefa góða vísbendingu um gróðurfar á Héraði.

Náttúrufræðistofnun Íslands vekur hinsvegar athygli á því að upplýsingarnar eru teknar af korti í kvarða 1:500.000 sem takmarkar nákvæmni upplýsinganna. Upplýsingar á gróðurkortinu sýna gróðurfar á mjög einfaldaðan hátt. Kortið var upphaflega teiknað á gervitunglamynd í mælikvarða 1:250.000. Á láglendi er gróðurgreiningin byggð á mjög takmarkaðri vettvangsvinnu, en uppi á heiðunum er stuðst við gróðurkort sem unnin voru í stærri mælikvarða. Aðeins eru sýnd samfelld gróðursvæði sem hafa 50% gróðurþekju eða meira.

Mosagróður: Gróðurlendi þar sem mosi er ríkjandi tegund. Aðallega er um að ræða grámosa (Rachomitrium) sem er langalgengasta mosategundin um allt land. Stundum er mosaþemban alveg hrein, en ýmsar aðrar plöntutegundir geta vaxið í mosanum og þakið allt að 50% yfirborðsins. Oft eru ógreinileg skil milli mosaþembu og annars þurrlendisgróðurs, en á kortið er merktur mosagróður þar sem þekja hans er 50% eða meiri. Mosaþembu er einkum að finna þar sem gróðurskilyrði eru óhagstæð og jarðvegur grunnur. Þá er þekjan oft slitrótt og mjög viðkvæm fyrir ágangi manna og búfjár.

Mólendi, graslendi og ræktað land: Á kortinu er slegið saman í einn flokk öllum þurrlendisgróðri öðrum en mosagróðri. Þar er því um mjög ólík gróðurlendi að ræða, s.s. kvistlendi, kjarrlendi, sef- og starmóa, graslendi og blómlendi.

Gróðurþekja þessara gróðurlenda er almennt meiri en í mosagróðri, jarðvegurinn dýpri og slitþol hans er meira. Þessi gróðurflokkur er því ekki eins viðkvæmur og mosagróðurinn og þolir meiri ágang.

Votlendi: Þessi flokkur samanstendur af deiglendi (hálfdeigju), mýri, flóa og vatnagróðri. Aðallega er um að ræða mýri og flóa, en mýrin er útbreiddari og tegundaauðugri en flóinn. Aðaltegundir votlendisins eru hálfgrös, s.s. starir og fífa. Í mýri stendur grunnvatnið almennt í gróðursverðinum en í flóa flýtur yfirleitt yfir svörðinn. Deiglendi er á mörkum þurrlendis og votlendis. Gróðurbreiða votlendisins er oftast samfelld, jarðvegurinn djúpur og mómyndun alla jafna mikil. Votlendinu er síður hætt við uppblæstri en öðrum gróðri og þolir betur ágang manna og búfjár. Lífríki votlendisins er fjölbreytt og það er m.a. mjög mikilvægt kjörlendi margra fuglategunda.

Bersvæðisgróður, melar og sandur: Undir þennan flokk fellur land þar sem gróðurþekjan er minni en 50%, eða þar sem samfellt gróðurlendi er of lítið til að unnt sé að sýna það í viðkomandi mælikvarða. Um er að ræða lítt gróið land, allt frá því að vera nánast alger auðn til þess að geta kallast hálfgróið. Þar sem landið er hálfgróið er það sýnt á kortinu. Þetta land samanstendur aðallega af misgrýttum melum, grýttu fjalllendi, söndum, eyrum og mold.

1.3.4 DÝRALÍF



Mynd 1-8. Veiðisvæði hreindýra á Austurlandi kort frá Náttúrustofu Austurlands (kortavinna Kristín Ágústsdóttir 2011). Fljótsdalshreppur er allur innan svæðis nr.2 sem tekur til Fljótsdalsheiðar auk hálendisins austan Jökulsár í Fljótsdal að austur mörkum sveitarfélagins. Heimild skýrsla NA um hreindýrstofninn 2012.

Hreindýrastofninn á Austurlandi er einstakur og eitt af einkennum landshlutans. Hreindýrin eru innflutt en hafa áunnið sér þegnrétt í íslenskri náttúru. Þau voru flutt til landsins fjórum sinnum í lok 18. Aldar, fyrst 1771. Síðasti hópurinn kom til Vopnafjarðar frá Finnmörku í Noregi 1787. Þeim var sleppt á þremur stöðum eftir komuna til landsins á Reykjanesi, á Norðausturlandi og á Austurlandi. Talið er að dýrunum hafi fjölgað hratt til að byrja með og verið flest um miðja 19. öldina. Eftir það er talið að stofnunum hafi hrakað, m.a. vegna harðnandi árferðis á seinni hluta aldarinnar. Stofnarnir á Reykjanesi og á Mývatnsöræfum dóu síðan út á fyrri hluta 20. aldar. Stofninn á Austurlandi var kominn niður í um 100 dýr á árunum milli heimstyrjaldanna. Eftir 1940 fór dýrunum hins vegar að fjölga og upp úr 1990 var stofninn áætlaður um 4000 dýr. Útbreiðslusvæði stofnsins nær til alls Austurlands allt frá Jökulsá á Fjöllum í vestri, norður til Vopnafjarðar og suður og vestur til Suðursveitar. Aðal burðarsvæði dýranna er á Vesturöræfum (einkum Hálsi), en einnig ber eitthvað af kúm í brúnum Fljótsdalsheiðar og Múla. Á vetrum leita dýrin út á heiðarnar, s.s. á Fljótsdalsheiði en einnig til snjóléttari svæða í byggð á Héraði.

Náttúrustofa Austurlands sér lögum samkvæmt um rannsóknir og vöktun hreindýrastofnsins. Hreindýraráð afmarkar ágangssvæði og ákveður veiðikvóta að fegnum tillögum Náttúrustofu Austurlands og sér um veiðarnar ásamt Veiðistjóraembættinu. Vöktun stofnsins felst m.a. í sumar- og vetrartalningum, athugun á aldurs- og kynjasamsetningu um fengitímann og ágangi hans á öllum árstímum.

Á síðustu árum hefur hreindýrum fækkað umtalsvert á svæði tvö. Ástæður þess liggja ekki ljósar fyrir en unnið er að því að rannsaka orsakirnar.

Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands „Vöktun hreindýrastofnsins 2012“ segir: „Hingað til hefur þéttleiki hreindýra í högum verið reiknaður út frá heildarflatarmáli lands. Hugsanlega hefur ástand haga breyst eitthvað á síðustu tíu árum og þá líklega þannig að land hefur gróið upp með eða án hjálpar mannsins og með minni beit.“.

Í niðurstöðum sínum leggur Náttúrustofa til fyrir árið 2013: „Þar sem hreindýrum á Fljótsdalsöræfum hefur fækkað mikið undanfarin ár er dregið mjög úr kvóta á svæði 2. Lagt er til að kvótinn verði fyrst og fremst veiddur austan Jökulsár í Fljótsdal miðað við svipað ástand á næsta ári“.



Mynd 1-9. Niðurstöður júlítalningar á Snæfellshjörð frá 2007. (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2008, 2009, 2010, 2012, Rán Þórarinsdóttir 2005, 2006)

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/94 taka m.a. til hreindýrastofnsins. Markmið laganna er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, koma á skipulagi veiða og nýtingu. Jafnframt er þar kveðið á um aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.

Hreindýraráð sem er skipað fimm mönnum er umhverfisráðherra til ráðgjafar við umsjón þessara mála. Veiðistjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarfélög á skipulagssvæðinu skipta með sér veiðiheimildum og er útdeiling kvóta í höndum Hreindýraráðs að fenginni heimild Umhverfisráðuneytisins. Veiði er stjórnað af leiðsögumönnum með hreindýraveiðum á hverju svæði. Þær standa yfir frá 1. ágúst-15. september ár hvert.

Nýting hreindýra á svæðinu er eitt af sérkennum þess. Hefð er fyrir matargerð með hreindýrakjöt. Á seinni árum hefur færst í vöxt að nýta meira en kjötið, s.s. horn og skinn í ýmiskonar handverk. Hugmyndir eru einnig uppi um að nýta veiðarnar í auknum mæli til að efla ferðamennsku.

REFUR OG MINKUR

Um ref og mink gilda sömu lög og um hreindýr. Viðbúnaður er í hverju sveitarfélagi til að halda stofnum þeirra í skefjum. Samkvæmt upplýsingum frá Veiðistjóraembættinu hefur orðið aukning í veiði á ref og mink í heild yfir landið en hjá þeim liggja ekki fyrir upplýsingar um ástand mála í einstökum héruðum.

1.3.5 GRUNNVATN - NEYSLUVATN - FRÁRENNSLI - VATNSVERND

Berggrunnur á Héraði er að stærstum hluta gamall eða frá tertíer (eldri en 3 milljóna ára) og er hann því orðinn mjög þéttur í sér. Úrkoma seytlar því illa ofan í berggrunninn heldur rennur að mestu til sjávar á yfirborði. Land mótað á kuldaskeiðum ísaldar einkennist víða af ölduóttu landslagi þar sem mýrar myndast í grónum lægðum vegna hins þétta berggrunns. Þéttur berggrunnurinn veldur því einnig að gott neysluvatn er víða af skornum skammti og verður oft að bora eftir því. Úttekt á gæðum neysluvatns í Fljótsdalshreppi hefur ekki farið fram en ljóst að úrbóta er víða þörf og mikilvægt að hún sé gert með skipulögðum hætti.

Reglugerð nr. 796/1999 fjallar um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 533/2001 er breyting á þeirri reglugerð, sem tekur til verndar neysluvatns eingöngu.

Í stað mengunarvarnareglugerðar sem er ekki lengur til voru settar um 30 sérreglugerðir, m.a. reglugerð nr. 797 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns segir um flokkun vatns o.fl.

Skylda sveitarstjórna

Flokkar vatns: 9. gr. Flokkun vatns skal vera sem hér segir

Flokkur	Ástand	Litamerking á uppdráttum
Flokkur A	Ósnortið vatn	Blátt
Flokkur B	Lítið snortið vatn	Grænt
Flokkur C	Nokkuð snortið vatn	Gult
Flokkur D	Verulega snortið vatn	Appelsínugult
Flokkur E	Ófullnægjandi vatn	Rautt

Tafla 1 2. Flokkun vatns skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

8. gr.

8.1 Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali

með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr.

8.2 Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu.

Á skipulagsuppdrætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið*, sbr. 1.mgr. Við deiliskipulagsgerð skal gera skýringaruppdrátt sem sýnir ástand vatns, sbr. 9. gr.*

8.3 Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns. Jafnframt skal grípa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun, sbr. 1. mgr. 9. gr. gerir ráð fyrir.

Ítarlega er gerð grein fyrir forsendum flokkunar í 10. gr. reglugerðarinnar

Engin flokkunarvinna af þessu tagi hefur farið fram af hálfu HAUST á Austurlandi.

Verndarsvæði vatnsbóla og starfsleyfi vegna NEYSLUVATNS

Skv. reglugerð um neysluvatn nr 536/2001 eru allar vatnsveitur starfsleyfisskyldar aðrar en einkavatnsveitur sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum án matvælafyrirtækja Skv. túlkun heilbrigðiseftirlits er matvælaframleiðsla, t.d. sala á morgunverði til gesta í bændagistingu og mjólkurframleiðsla, en sala á vatni á tjaldstæðum, fjallakofum o.þ.h. flokkast einnig þar undir, enda er vatn matvæli skv. skilgreiningu matvælareglugerðar nr. 552/1994: Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn. Lyf og vörur sem falla undir lyfjalög, tóbak og vímuefni önnur en áfengi eru þó undanskilin".

Eftirfarandi er úr reglugerð nr 536/2001 um neysluvatn og fjallar um starfsleyfi:

4. gr.

Starfsleyfi.

Afla skal starfsleyfis heilbrigðisnefndar áður en eftirlitsskyld vatnsból eða vatnsveitur, sbr. 12. gr., og tilheyrandi búnaður er tekinn í notkun og við eigendaskipti, samanber ákvæði reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Skal það gert að undangenginni ákvörðun um vatnsvernd í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og rannsókn á gæðum vatnsins í samræmi við ákvæði 13. greinar þessarar reglugerðar.

12. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa ekki reglubundið eftirlit eða framkvæma heildarúttekt hjá vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum, nema þær þjóni matvælafyrirtækjum. Þá skal hafa reglubundið eftirlit með þeim í samræmi við töflur 4 og 5 í viðauka I a.m.k. einu sinni á ári. Einnig skal fara fram heildarúttekt a.m.k. einu sinni á ári ef vatnsnotkun fer yfir 100 m^3 á dag miðað við ársmeðaltal.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur samþykkt áætlun um starfsleyfisvinnslu fyrir allar einkavatnsveitur aðrar en þær sem þjóna mjólkurbúum á árinu 2003 en fyrir vatnsveitur mjólkurbúa verði unnin starfsleyfi árið 2004. Skv. greinunum hér að ofan er skilgreining verndarsvæða fyrir vatnsbólin forsenda starfsleyfis.

Í neysluvatnsreglugerði nr 536/2001 segir eftirfarandi um vatnsvernd:

Vatnsvernd.

9. gr.

Varnir gegn mengun vatnsbóla. Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Vatnsveitur skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatnsból spillist. Sama gildir um aðra staði s.s. ár eða læki þar sem vatn er tekið til neyslu. Skylt er að tilkynna heilbrigðisnefnd tafarlaust ef vitað er um mengun á vatni í vatnsbólum eða dreifikerfi.

Um varnir gegn mengun vatnsbóla gildir að öðru leyti ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns

Í reglugerð nr. 533/2001, um varnir gegn mengun vatns er tekið á flokkun verndarsvæða vegna vatnsbóla á eftirfarandi hátt:

2. gr.13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flokkun verndarsvæða.

13. gr.13.1 Umhverfis hvert vatnsból skal ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkana skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu

I. flokkur. Brunnsvæði.

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

II. flokkur. Grannsvæði.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.

Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Varðandi þjónustusvæði, sem fyrirhugað er að byggja upp í framtíðinni er að mati HAUST æskilegt að skipuleggja verndarsvæði vatnsbóla. Þarna er um að ræða göngukofa á leiðinni frá Laugarfelli og að Þjófagili austan undir Snæfelli. Ennfremur vantar vatnstökusvæði við skálann í Geldingafelli og þá skála sem fyrirhugað er að rísi austan Ejabakka.

1.3.6 JARÐHITI

Allt frá því fyrir 1980 hefur staðið yfir í Fljótsdalshrepp leit að jarðhita á vegum Orkustofnunnar og fleiri aðila. Jón Benjamínsson jarðfræðingur hefur lengstum verið tengdur þeirri vinnu. Í greinargerð sem Jón hefur tekið saman fyrir Fljótsdalshrepp segir hann í inngangi.

Nokkrir jarðhitastaðir uppgötvuðust á annars þessu kalda landssvæði og vöktu forvitni. Næstu ár á eftir (1971) hélt höfundur úti spurnum um hugsanlegan jarðhita í Fljótsdal og nágrenni og kannaði er færi gafst. Svo einkennilega sem það kann að virðast þá hefur volgrum í hreppnum lítill gaumur verið gefinn af heimamönnum. Helst er að þær séu þekktar sem uppsprettur sem sauðfé sækir í fremur en að vera tengdar volgrum.

Eftir áralangar rannsóknir þá eru í dag skráðir 282 jarðhitastaðir í Fljótsdalshreppi. Flestir hafa verið kannaðir og mældir aðrir skoðaðir en ekki mældir. Mesti hiti sem mælst hefur í þessari jarðhitaleit í Fljótsdalshreppi mældist í ágústmánuði í svonefndri Klapparmigu 52,2° á C við Laugarfell.

Þegar Laugarfellsskáli var byggður var heitt vatn lagt í skálann og er hann hitaður þannig upp. Framhald jarðhitaleitar og rannsóknir muna væntanlega leiða í ljós frekari jarðhitakosti á afmörkuðum svæðum í Fljótsdalshreppi.



Mynd 1-10. Skráðar volgar uppsprettur og líkleg jarðhitasvæði í Fljótsdalshreppi.

1.3.7 EFNISTAKA

Efnistaka í og við farvegi Jökulsár er auðlind sem þegar er nýtt og líklegt að hún verði nýtt í auknum mæli. Þá býr sveitarfélagið yfir þeirri auðlind sem felst í lítt snortinni náttúru. Eru hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu þegar farnir að notfæra sér hana. Orka í fallvötnum er ein verðmætasta auðlind Íslands.

1.4 NÁTTÚRUVÁ

Eftirfarandi náttúruhamfarir hafa verið flokkaðar undir náttúruvá; hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jöklum, flóð í ám, skriðuföll, flóð frá sjó, snjóflóð, hafískoma og lagnaðarís og fárviðri. Ennfremur hefur hefur hætta vegna gróðurelda vaxið vegna aukinnar gróðurþekju á landinu. Í ljósi jarðfræði og jarðsögu svæðisins, landslags og ritaðra heimilda má búast við, á afmörkuðum stöðum, tjóni af völdum flóða í ám, skriðuföllum, snjóflóðum og fárviðri.

1.4.1 ELDVIRKNI OG JARÐSKJÁLFTAR

Vesturhluti Fljótsdalshrepps liggur á jaðri hins virka gos- og gliðnunarbeltis Íslands. Meginhluti sveitarfélagsins er þó utan eldvirkra svæða. Kverkfjöll eru í austurjaðri hins virka gos- og gliðnunarbeltis og eru dæmigerð megineldstöð með öskjum, háhitasvæði og miklum sprungusveimi til norðurs í Kverkfjallarana. Snæfell hefur myndast á hliðarbelti við aðalgosbelti landsins og telst virk megineldstöð. Þrátt fyrir að eldvirkni sé ekki mikil í sveitarfélaginu er það nálægt öðrum eldvirkum svæðum, svo sem Vatnajökli og Öskju. Askja gaus 1875 og hafði þá veruleg áhrif í landi sveitarfélagsins. Við slík stórgos yrðu áhrif á sveitarfélagið í formi jökulhlaupa og öskufalls.

Unnið er að hættumati vegna eldgosa á Íslandi sem mun varpa skýrara ljósi á hættu af þeirra völdum. Hætta af völdum jarðskjálfta í Fljótsdalshreppi er hverfandi.

1.4.2 SKRIÐUFÖLL

Samkvæmt heimildum Ólafs Jónssonar, aðalhöfundar bókarinnar Skriðuföll og sjóflóð, eru Múlasýslurnar þekkt hamfarasvæði af völdum skriðufalla og snjóflóða. Samkvæmt heimildum hans eru skráð skriðuföll á liðnum öldum nokkuð algengari í Múlasýslum en í öðrum landshlutum. Dæmi er um að byggð hafi lagst af á nokkrum stöðum af þessum sökum. Líklega má rekja tíðni jarðvegsskriðufalla til jarðfræði svæðisins en grunnt er niður á fast berg og jarðvegsþekja því þunn. Jarðvegsskriður verða oftast í kjölfar mikillar úrkomu þannig að jarðvegurinn flýtur að stað ofan á berginu.

Þekktustu skriðusvæðin í Fljótsdal eru í austurhlíðum Múlans í Suðurdal. Heimildir eru fyrir því að 35 skriður hafi fallið við a.m.k. 15 bæi í Fljótsdal þar af 12 bæi í byggð 1991. Samkvæmt skráningu frá árinu 1998, sem Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur gerði, féllu á milli 10-20 jarðvegsskriður í miklu úrkomuveðri í desember 1997 í Norðurdal, við Valþjófsstað og í Suðurdal árið 1998. Veðurstofa Íslands ásamt Náttúrufræðistofnun Íslands halda utan um Ofanflóðagagnagrunn sem ekki hefur verið gefinn út en upplýsingar úr honum liggja m.a. til grundvallar aðalskiplagsins.

1.4.3 SNJÓFLÓÐ OG KRAPAFLÓÐ

Heimildir eru um fáein snjóflóð í Fljótsdal frá fyrri tíð og allt fram á okkar daga.

Mat á því hvort einhver svæði séu óbyggileg vegna ógnanna liggur ekki fyrir. Veðurstofa Íslands vinnur opinbert hættumat fyrir landsvæði vegna ofanflóðahættu. Til álita kemur hvort meta eigi aðstæður í dölunum inn af Fljótsdal í kjölfar þess að gengið verður frá aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Mynd 1-11. Merki eftir jarðvegsskriðu við Víðivelli Ytri II.

1.4.4 FLÓÐ VEGNA STÍFLUROFS

Í tengslum við umhverfismat var unnin skýrsla vegna mats á stíflurofi og flóðahættu á láglendi. Það segir: „Skoðuð hafa verið flóð sem gætu myndast vegna rofs stífla við Hálslón auk rofs stífla við tvær stærstu miðlanirnar í veituhluta Kárahnjúkavirkjunar. Einnig var lagt gróft mat á flóð úr Kelduárlóni og Ufsarlóni niður í Lagarfljót. Veitulónin verða mun minni en Hálslón, Kelduárlón verður um 7 km^2 og Ufsarlón um 1 km^2 við yfirfallshæðir þeirra. Ennfremur segir í skýrslunni að „Reiknað flóð úr Kelduárlóni er rénað við innrennsli í Lagarfljót um hálfum sólarhring eftir að það hefst og flóð úr Ufsarlóni um 6 klst. eftir upphaf“.

Nánari greiningu á þessum atriðum er að finna í skýrslu um viðbragsáætlun vegna rofs stífla Kárahnjúkavirkjunar (LV-2006/056).

Niðurstaða matsins sýndi að 6 bæir í Fljótsdals gætu orðið fyrir áföllum vegna flóð frá stíflurofi Þuríðarstaðir, Langhús, Bessastaðir,Eyrarland, Litla Grund og Bessastaðagerði.

Stíflurof er afar ólíklegur atburður eins og kemur fram í skýrslunni. „Möguleg áhrif á samfélagið eru að búskapur legðist af á þessum bæjum og tjón yrði á mannvirkjum og á landi en um 380ha ræktaðs lands er neðan flóðmarkanna“

Tveir bæir gætu verið í hættu í Norðurdal og fjórir neðar í Fljótsdal vegna yfirstreymisflóðs úr Ufsarlóni, en enginn í Suðurdal eða neðar í Fljótsdal vegna flóðs úr Kelduárlóni.

1.5 NÝTING OG VERNDUN

1.5.1 FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS VEGNA NÝTINGAR

Í 5. kafla skipulagsreglugerðar 90/2013 segir: „Gera skal sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum innan landbúnaðarsvæða. Stefna um hvar og hvernig þörfum landbúnaðar-starfsemi verður mætt“.

Fljótsdalshreppur verður að teljast allvel gróinn frá náttúrunnar hendi. Í fyrsta lagi þá er hefðbundinn landbúnaður í sauðfjárrækt sterkur á svæðinu og túnrækt til að standa undir þeim búrekstri nægilega stór. Í annan stað þá hófst bændaskógrækt í hreppnum fyrir 1970 og nú þegar hefur yfir 2000 ha lands verið ráðstafað undir bændaskógrækt.

Umræða um að huga vel að þeirri auðlind sem ræktanlegt land er hefur orðið ákveðnari í seinni tíð og eins og segir nú í skipulagsreglugerð er þess krafist að gerð sé grein fyrir stöðu ræktaðs lands í skipulagsáætlunum.

1.5.2 JARÐVEGSROF

Jarðvegur á afréttum aðalskipulagssvæðisins er í góðu ástandi samkvæmt gögnum frá RALA. Rof er mjög lítið og svæðið allvel gróið. Einn aðili er þátttakandi í verkefninu „bændur græða landið“ og hafa fleiri sýnt áhuga á þátttöku.

1.5.3 NÁTTÚRUVERND

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 skulu náttúruverndaryfirvöld hafa aðgang að og rétt til umsagnar um skipulagsáætlanir, meiriháttar framkvæmdir, hönnun mannvirkja og ræktun. Eftirfarandi eru helstu greinar laga um náttúruvernd sem taka á þessum málum:

Í 33. gr. um gerð skipulagsáætlana segir svo:

Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda, sbr. 11. gr. við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegra breytinga á þeim og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

36. gr. fjallar um ræktun.

Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

Í 37. gr. er fjallað um sérstaka vernd á jarðmyndunum og vistkerfum.

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefndar áður en veitt er framkvæmda- og byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun eftirfarandi jarðmyndana og vistkerfa:

- eldvörp, gervigígar og eldhraun
- stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m^2 að stærð eða stærri

- mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m^2 að stærð eða stærri
- sjávarfitjar og leirur.

Í 50. gr. segir að friðlýstar náttúruminjar skiptist í eftirfarandi 5 flokka:

- Þjóðgarða
- Friðlönd
- Náttúruvætti á landi
- Friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi
- Fólkvanga

Í 67. gr. eru ákvæði um stöðu og innihald náttúruminjaskrár.

Umhverfisráðherra skal gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Birta má hvenær sem er ákvarðanir um ný svæði sem tekin eru á náttúruminjaskrá. Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar.

Í 68. gr. er gerð grein fyrir efni náttúruminjaskrár en í skránni skulu vera sem gleggstar upplýsingar um:

- friðlýstar náttúruminjar
- náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun, sbr. 65. gr.
- aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem rétt þykir
  að vernda.

Í náttúruminjaskrá skal lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins. Umhverfisráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu náttúruminja.

Ekkert svæði er friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum í Fljótsdal.



Mynd 1 12. Verndarsvæði í Fljótdalshreppi.

1.5.4 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ Í FLJÓTSDALSHREPPI:

NM 644 Geitagerðisbjarg, Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu.

(1) Berghryggur suður og niður úr hlíðinni fyrir ofan bæinn Geitagerði. (2) Jökulsorfinn berghryggur sem myndar þverhnípi að bænum. Í hraunlagi undir hryggnum eru för eftir trjáboli. Uppi á hryggnum utan til eru nokkrir sívalir skessukatlar, Hlandkollur.

NM 617 Hengifossárgljúfur, Fljótsdalshreppi.

(1) Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi. (2) Sérstæð umgjörð um Hengifoss, einn hæsta foss landsins, og stuðlabergsmyndanir við Litlanesfoss.

NM 645 Strútsfoss í Strútsdal, Fljótsdalshreppi.

(1) Strútsfoss og aðrir fossar í gilinu frá ármótum við Fellsá ásamt 500 m breiðu belti beggja vegna. (2) Stórbrotið hamragil, allt að 200 m djúpt, litfagurt með klettadröngum og stöpum. Fyrir botni gilsins er Strútsfoss, einn af hæstu fossum landsins, rúmlega 100 m hár, en tvískiptur. Birkikjarr er í gilinu utanverðu og hvannstóð við fossinn.

Mynd 1-13. Frá Hengifossi.

NM 618 Ranaskógur og Gilsárgil, Fljótsdalshreppi, Austur-Héraði.

Gilsáreyri, Gilsárgil og Gilsárdalur ásamt Ranaskógi austan Vallholts og Tófuaxlar. (2) Stórbrotið gljúfur og vöxtulegur skógur. Unnið er því að afmarka þetta svæði að nýju í samráði við UST og Umhverfisráðuneytið ásamt heimaaðilum. Bent hefur verið á að stærð svæðisins væri langt umfram landlýsingu í Náttúruminjaskrá og hafa landeigendur mótmælt því í tengslum við aðalskipulagsgerðina.

Mynd 1-14. Frá Ranaskógi.

1.5.5 Á HÁLENDISHLUTA FLJÓTSDALSHREPPS ERU:

NM 615 Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur, N-Múlasýslu. (1) Frá Eyjabakkajökli fylgja mörkin 700 m hæðarlínu að Laugará, þaðan í Fremri-Kálfafell, um Tungusporð í Búrfellstopp og þaðan beina línu í ós Dysjarár og þvert yfir Jökulsá. Að vestan fylgja mörkin vestari barmi Jökulsár á Dal inn að Kringilsá og sameinast þar eystri mörkum Kringilsárranafriðlandsins. (2) Vesturöræfi eru víðáttumikið og vel gróið hálendissvæði ásamt því að vera sumarland hreindýra. Mikilvægt beitiland heiðargæsa. Hafrahvammagljúfur er eitt hrikalegasta gljúfur landsins og eru gróðursælir hvammar meðfram því. (Austasti hluti svæðisins er innan marka Fljótsdalshrepps).

NM 616 Eyjabakkar, Fljótsdalshreppi N-Múlasýslu. (1) Svæðið afmarkast að vestan af 700 m hæðarlínu í Snæfellshálsi, frá Eyjabakkajökli að Eyjabakkafossi og þaðan í suðvesturenda Folavatns. Frá Folavatni beina línu um Háöldur að mörkum friðlandsins í Lónsöræfum suður í jökul. (2) Óvenju grösugt votlendi í um 650 m.y.s. með fjölda tjarna. Svipmikið landslag við rætur Snæfells, jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Beitiland hreindýra, heiðargæsa og álfta.

1.5.6 DJÁSNASKRÁ HELGA HALLGRÍMSSONAR

Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur vann í tengslum við svæðisskipulagsvinnuna á Héraði „náttúrumæraskrá“. Hann skráir mun fleiri svæði en hér hafa verið nefnd sem jafnvel ættu erindi inn í endurskoðaða náttúruminjaskrá. Í svæðisskipulagi Héraðssvæðis var því beint til sveitarstjórna að taka tillit til „náttúrumæraskrár“ Helga við gerð aðal- og/eða deiliskipulags og áður en leyfi til mannvirkjagerðar eru veitt þar sem náttúrumæraskráin tekur til fleiri svæða en 7. útg. náttúruminjaskrár frá 1996. Eftirtalin svæði eru í „mæraskrá“ Helga.

Geitagerðisbjarg er bjarghryggur fyrir ofan bæinn Geitagerði. Uppi á háhryggnum eru nokkrir reglulega lagaðir skessukatlar, sumir fullir af vatni, og kallast Hlandkollur. Undir bjarginu eru láréttar holur, sem líklega eru minjar um forna skóga (trjábolaför). Bjargið er á náttúruminjaskrá ríkisins. (Sjá jólablað Austra 1985).

Hengifoss er alkunnugt og heimsfrægt kennileiti, sem blasir við vegfarendum á leið um Fljótsdal. Fossinn er um 128 m hár, og því með hæstu fossum landsins. Þar eru þykk lög af sandsteini, með surtarbrandi og öðrum leifum skóga sem uxu þar fyrir um 6 milljónum ára, og lítið berghlaup. Sellækir tveir mynda fossa að innanverðu. Neðar í gilinu er Stuðlabergsfoss (Litlanesfoss) í ákaflega fagurskapaðri umgjörð af stuðlabergsveggjum. Víða er nokkur trjágróður af birki og reyniviði. Gilið tilheyrir jörðunum Melum og Hjarðarbóli. Í gilkjaftinum eru leifar af gamalli skilarétt. Gilið og fossinn eru á náttúruminjaskrá ríkisins. (Sjá Árbók F.Í. 1987 og jólablað Austra 1986).

Bessastaðaárgil er gríðarmikið hamragil, allt að 200 m djúpt og vítt, með fjölbreyttum setbergslögum, steingervingum frá tertíertíma og nokkrum fossum. Hæstur þeirra er Jónsfoss, nálægt miðju gili, en neðan við hann er tangi með stuðlabergi. Neðst í gilinu að utanverðu er víður og vel gróinn hvammur. Þar er grjóthlaðinn nátthagi og stekkur. Örnefnið Goðaborg er neðst í gilinu að innanverðu, og neðan við gilsmynnið er Drekkingarhylur. Gilið tilheyrir jörðunum Hamborg og Skriðuklaustri.

Valþjófsstaðafjall er reglulegt og formfagurt, með láréttum klettabeltum, sem eru brydduð með birkitrjám neðantil í fjallinu, og gríðarmiklum berggangi, Tröllkonustíg (Skessustíg), sem skásker fjallið til norðurs, og vekur athygli margra er í Fljótsdal koma. Fjallið tilheyrir Valþjófsstað og Skriðuklaustri.

Hólsfjall nefnist fjallshlíðin ofan og utan við bæinn Hól. Þetta er einkar fjölbreytt, skjólsæl og gróðurrík hlíð, með skógi klæddum hjöllum, þar sem m.a. vex reyniviður. Hrikalegt klettabelti.

Hólsbjarg, allt að 100 m hátt, myndar brún fjallsins frá bænum séð, og hallar inn til dalsins. Uppi á því fyrir innan bæ, er allstórt skóglendi, sem kallast Bjargskógur. Ljósá fellur niður hlíðina utan bæjar í nokkrum kvíslum, sem mynda fagra slæðufossa. Í framhaldi af Hólsfjalli til NA er Teigsfjall, með Teigsbjargi.

Teigsbjarg. Inni í Teigsfjalli hefur verið reist stöðvarhús Kárahnúkavirkjunar.

Kleifarbjarg er í norðurhlíð Norðurdals, inn frá bænum Kleif, um 50-100 m hátt, og endar í stuðlaklettum við Ófærusel.

Kleifarskógur er innan við Ófærusel, fallegt skógarstykki í brattri hlíð, og nær upp í um 400 m h.y.s. Innan og ofan við hann eru miklar breiður af eini. (Sjá jólablað Gálgáss 1994).

Jökulsárgil. Innst í Norðurdal fellur Jökulsá á 3-4 km leið í allt að 70 m djúpu og litskrúðugu gili, með mörgum myndarlegum fossum. Utan til að norðan (vestan) er gilið vaxið skógi, sem er hluti af Kleifarskógi fyrrnefndum. Helstu fossarnir í þessum hluta Jökulsár eru Ófæruselsfoss, og Ytri- og Innri-Gjögurfossar. Þeir eru ekki háir en býsna fjölbreyttir. Þá fellur Öxará í undur fögrum fossastiga ofan í gljúfrið, og Ytri-Snikilsá myndar háan bunufoss. (Sjá Gletting 8 (1), 1998).

Innan eða ofan við Hálendismörkin eru nokkrir af stærstu og fegurstu fossum Jökulsár. Þar á meðal er fossinn Faxi (Faxfoss), sem er innst í botni Norðurdals, þar sem Laugará fellur ofan í dalinn, og var því stundum kenndur við hana. Fossinn er nokkuð samsettur, alls um 20 m hár, en þegar áin er vatnsmikil renna allir hlutarnir saman. Hann nýtur sín

best af norðurbakka, og þangað er um hálftíma gangur frá Laugakofa (Laugafelli). Í Laugará eru einnig tveir fagrir fossar, Stuðlafoss og Slæðufoss.

Kirkjufoss er hinn aðalfossinn í Jökulsá, í hálendisbrúninni, um 3 km innar en Faxfoss. Hann er um 30-40 m hár og fellur í þremur hlutum ofan í um 50-70 m djúpt og 1,5 km langt gljúfur. Hann nýtur sín best af austurbakka. Ofan við Kirkjufoss eru nokkrir lægri fossar og flúðir í ánni. Er Hrakstrandarfoss tilkomumestur þeirra, um 2 km innan við Kirkjufoss. (Sjá Gletting 8 (2), 1998, Snæfellsblað).

Eyjabakkar eru flæðislétta í grunnri dalkvos upp af botni Norðurdals og austan undir Snæfelli. Jökulsá kvíslast þar, ásamt nokkrum bergvatnsám, milli fjölmargra hólma, sem kallast Eyjar eða Þóriseyjar, og eru þær yfirleitt vel grónar, eins og bakkarnir beggja vegna, og alsettar stórum og smáum tjörnum. Innst á svæðinu eru afar sérkennilegir jökulruðningar frá framhlaupi Eyjabakkajökuls 1890. Síðsumars safnast geldar heiðagæsir í þúsundatali á vötnin innst á Eyjabökkum, meðan þær fella flugfjaðrir, og álftir verpa um allt svæðið. Í Eyjabakkajökli er vel þekktur íshellir, sem hægt er að skoða á vetrum. Eyjabakkar eru á opinberri náttúruminjaskrá og votlendisskrá. (Sjá Gletting 8(2), 1998, Snæfellsblað).

Snæfell er hæsta og merkasta fjall Austurlands, ef Öræfajökull er undan skilinn, 1833 m y.s., og var lengi talið hæsta fjall landsins. Það er eldfjall, sem varð til á Jökultíma, og er allt yngra en 1/2 milljón ára. Síðast er talið að þar hafi gosið í lok síðasta jökulskeiðs, fyrir um 8-10 þúsundum ára, og samkvæmt nýjustu rannsóknum er fjallið ennþá virkt. Litskrúðugt líparítberg og gjallberg er víða áberandi í fjallinu. Jökulhetta er á toppi fjallsins, og nokkrir skriðjöklar í hlíðum þess. Fjallið er heilagt í hugum Héraðsbúa, og dulfræðingar telja það magnað. Snæfell er umkringt móbergshnjúkum í hálfhring, sem eru flestir 1000-1150 m y.s. Norðan við fjallið eru Hafursfell og Nálhúshnjúkar, en Þjófahnjúkar, sunnan þess og milli þeirra Þjófadalur, einkennileg og litauðug kvos.

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs rekur gistiskála vestan undir fjallinu, og er þangað fært flestum bílum yfir hásumarið. Vanalega er nú gengið sunnan á fjallið, og er það um 3-4 tíma gangur, hvora leið frá Snæfellsskála. Snæfell er á náttúruminjaskrá ríkisins, og friðlýsing þess, ásamt Eyjabökkum og Vesturöræfum er í bígerð. (Sjá Gletting, 8 (2), Snæfellsblað, 1998).

Gjáhjalli er í vesturhlíð Múlans, inn og upp af Glúmsstaðaseli, með myndarlegum sprungum og gjám, sem liggja langsum eftir hjallanum. Stærsta gjáin er um 20 m djúp og 10 m breið, og minnir nokkuð á Almannagjá á Þingvöllum.

Keldárgil. Inni í botni Þorgerðarstaðadals fellur Keldá í djúpu gili með mörgum fallegum fossum. Skógur vex ofan í ysta hluta gilsins.

Fellsárgljúfur, inni í botni Villingadals, hrikalegt, allt að 100 m djúpt, miðað við austurbarminn, en að vestan gengur 250-300 m há fjallshlíð nærri þverhnípt niður í gilbotn, þar sem kallast Innri-Ófærur. Klappará myndar um 50 m háan foss ofan í gljúfrið, og innst í því eru nokkrir fossar í Fellsánni. Suðaustur úr gljúfri Fellsár gengur annað álíka djúpt og ægifagurt gljúfur Sultarranaár, með tveimur fossum. Er sá neðri um 40-50 m hár, og svipaður Strútsfossi. Þessi miklu gljúfur mega heita óþekkt, en þangað er um 2 stunda þægileg gönguleið frá bænum Flöt, inn Villingadal að austanverðu.

Ófærugil er um 1 km innar á dalnum, að vestanverðu, alldjúpt hamragil, með 30-40 m háum, samsettum fossi.

Strútsgil er yst á Villingadal á merkjum Sturluflatar og afréttar. Það er hrikalegt hamragil, allt að 200 m djúpt, litfagurt, með dröngum og stöpum. Fyrir botni þess er Strútsfoss, einn af hæstu fossum Íslands, tvískiptur, og sá neðri um 100 m hár. Tvær litlar þverár falla einnig í fossum ofan í gilið. Gilið er á opinberri náttúruminjaskrá. Þangað er hálftíma gangur frá Flöt. (Sjá tímaritið Útivist 15, 1989, og Austra 33, 1. sept. 1988).

Þorgerðarstaðabjarg er allt að 100 m hátt og 3 km langt bjarg í austurbrún Múlans upp af Þorgerðarstöðum. Nokkrar klaufir eru í gegnum það, en annars er það ófært.

Sturluárgil er stutt fyrir utan bæinn Sturluflöt; hrikalegt hamragil, með nokkrum allháum fossum, og fallegum gróðurtorfum.

Gerðisbjarg er innan og ofan við Víðivallagerði, um 2 km langt og allt að 50 m hátt klettabelti, samsett úr mörgum, þunnum basaltlögum, þverskorið af mörgum gjám. Ein þeirra heitir Þingmannaklif, og voru þar götur.

Arnaldsstaðaskógur er í snarbrattri og klettóttri austurhlíð Múlans, í landi Arnaldsstaða. Hann er víða beinvaxinn og fagur, með áberandi skriðuförum.

Votaberg og Hrakhamar, neðst í hlíðinni utan við Arnaldsstaðaskóg, eru mjög fallegir staðir, með þverstuðluðu gangbergi, sem er bryddað með birkitrjám. Votaberg hefur nýlega spillst af skriðum.

Sóleyjarbotnar er annað berghlaup, með mikilli hamraskál ofantil í hlíðinni, innan og ofan við bæinn Klúku. (Sjá Berghlaup Ólafs Jónssonar, 1976).

Víðivallaurð er lítið en afar stórgrýtt framhlaup yst í Víðivallaskógi, og skógi vaxið að hluta til, í hlíðinni utan við Víðivelli ytri. Efst í urðinni er sérkennileg gjá með klettadröngum, og þar vex reyniviður. Mórauðilækur rennur úr fjalli ofan í urðina, en hann er alltaf jökullitaður, sem bendir til að urðin hreyfist stöðugt.

Gilsárgil er um 5 km langt og allt að 70-80 m djúpt klettagil á hreppamörkum. Það er litskrúðugt, með bergþiljum, dröngum, skógi vöxnum kinnum og hvömmum. Innan við gilið er Ranaskógur, einn vöxtulegasti birkiskógur landsins. Hvergi á Héraði er eins mikið af reyniviði og meðfram Gilsárgili. Gilið og skógurinn eru á opinberri náttúruminjaskrá. Skemmtilegar gönguleiðir eru upp með gilinu beggja vegna.(Sjá Snæfell 12 (1), 1992). Innan og neðan við Ranaskóg eru fáeinar eldgamlar bjarkir í túni, og Kirkjuhamar, með stuðlabergi stuttu innar við veginn. Ranaskógur er í landi Vallholts.

1.5.7 ÖNNUR FRIÐLÝSING VEGNA NÁTTÚRUVERNDAR

Vatnajökulsþjóðgarður Skv. lögum nr. 60/2007 og reglugerð 608/2008 með síðari breytingum. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð 2. útgáfa frá 12. júlí 2013 og er sett fram í samræmi við ákvæði laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 og reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008, með síðari breytingu. Tekur yfir að nokkru eldri friðlýsingar innan staðarmarka Fljótsdalshrepps.

Innan Vatnjökulsþjóðgarðs eru Eyjabakkar sem njóta í dag verndar á grundvelli Ramsar samningsins innan Fljótsdalshrepps. Með samningi sem var undirritaður 4.febrúar 2013 var gefið út skjal og uppdráttur sem sýnir afmörkun svæðisins. Eyjabakkar er votlendissvæði milli Snæfells og Eyjabakka, um 265 ferkílómetrar að stærð og nær ofan af jökli og niður undir Hafursfell og Laugafell. Þar hafa fleiri en 30 tegundir fugla fundist. Svæðið er alþjólega mikilvægt fyrir fugla, einkum vegna þess mikla fjölda gæsa sem fellir þar flugfjaðrir og nýtir svæðið sem beitarsvæði á þessum viðkvæma og mikilvæga tíma fyrir fuglana. Svæðið er einkar fjölbreytt, með mýrum, flóum, tjörnum, vötnum, lækjum og ám. Það er friðlýst sem hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og verður áfram undir stjórn þjóðgarðsins. Sjá mynd nr. 1-12.

1.5.8 UMRÁÐ LANDS

Þjóðlendur. Með þjóðlendulögum hefur verið unnið markvisst að því að sýna eignarrétt á landi á miðhálendi Íslands. Stjórnsýsla á Þjóðlendum er nú bæði í höndum Forsætisráðherra og sveitarstjórna.

Óbyggðanefnd var sett á stofn með lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (oft nefnd "þjóðlendulög"), nr. 58/1998, sem tóku gildi hinn 1. júlí 1998 með síðari breytingum. Auk þess ráða ýmis ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í fyrstu greinum laganna eru orðskýringar sem lýsa hvað það er sem þau eiga að leiða í ljós.

Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.



Mynd 1-15. Yfirlit yfir þjóðlendur í Fljótsdalshreppi.

Afréttur: Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

Í 2.gr. segir síðan; „Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í **þjóðlendum** sem ekki eru háð einkaeignarrétti“.

Í 3.gr. laganna segir; „Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, … nema að fengnu leyfi … ráðherra.“ Í þessum lögum Forsætisráðherra.

Undantekning eru afréttarnot af þjóðlendu sbr. 5.gr. laganna: „Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um.“

Í annarri og þriðju málsgrein 3.gr. laganna er kveðið nánar á um leyfisveitingar ráðherra: „Leyfi [ráðherra] þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum.“

„Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki [ráðherra]. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker [ráðherra] úr honum.“

Í Fljótsdalshreppi hefur verð úrskurðað og dæmt í 6 þjóðlendum í afréttareign sjá mynd 1-15.

VESTURÖRÆFI AUSTUR

MÚLAAFRÉTTUR

SUÐURFELL

VILLINGADALUR SUNNAN SUÐURFELLS

VATNAJÖKULL

1.5.9 EIGNARHALD Á BÚJÖRÐUM

Árið 2011 voru 25 jarðir í ábúð en 9 skráðar í eyði. Eignarhald á jörðum er þannig að 24 eru skráðar í eigu einstaklinga og 10 í eigu ríkis eða sveitarfélags. Á flestum jörðum er nú stundaður blandaður búskapur, aðallega með sauðfé og skógrækt, sjá mynd 1-16.

1.5.10 FRIÐLÝSTAR FORNLEIFAR

Í skrá Þjóðminjasafns Íslands eru tvær friðlýstar fornminjar á byggðahluta í Fljótsdalshreppi og ein í hálendishlutanum. Þessir minjastaðir eru staðfestir í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps. Friðlýstar minjar eru sýndar á skipulagsuppdrætti.

Fornleifarnar eru listaðar upp og auðkenndar á skipulagsuppdrætti, eins og nákvæmni uppdráttar leyfir. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli á þeim helstu og þau vernduð í flokki hverfisverndar. Í Minjalögum segir að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar forna mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.“ Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til í þjóðminjalögum.

Á deiliskipulagsstigi og í sumum tilfellum við útgáfu framkvæmdaleyfis verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulags skyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl.

Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast skal fara fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá ber að leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir sbr. kafla 4.1.10 í greinagerð. Einnig eru stórframkvæmdir umhverfismatsskyldar sbr. kafla 2.10.2 í greinagerð, s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur.



Mynd 1-16: Skipting bújarða eftir rekstri.

Á Skriðuklaustri hefur verið stofnað verndarsvæði umhverfis uppgröft klaustursins að Skriðu sem lauk 2011. Þess var minnst í ágúst 2012 að þá voru 500 ár liðin frá því Stefán Jónsson Skálholtsbiskup vígði klausturkirkjuna. Á þeim tímamótum var opnað fullbúið minjasvæði þar sem gestir geta skoðað minjar frá útsýnispalli og gengið um þær.

Mynd 1-17. Fornminjasvæðið á Skriðuklaustri.

Mynd 1-18. Útsýnispallur við fornminjasvæðið á Skriðuklaustri.

Mynd 1-19. Á Skriðuklaustri rekur Gunnarsstofnun menningar og fræðslusetur.

2 UMHVERFISSKÝRSLA

2.1 YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR

Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst árið 2012. Samhliða gerð þess var unnið umhverfismat aðalskipulagsáætlunarinnar eins og lög nr. 105/2006 gera ráð fyrir.

Samkvæmt 3. grein laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 gilda ákvæði laganna um þær skipulagsáætlanir, sem marka stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þær áætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra. Í 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010 er ennfremur kveðið á um að í skipulagsáætlunum skuli gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Áætlunin er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana (nr. 105/2006) eftir því sem við á.

Með þessu aðalskipulagi gætu e.t.v. orðið um að ræða framkvæmdir sem koma til álita um að vera matsskyldar skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) eða tilkynningarskyldar skv. 2. viðauka sömu laga. Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að gera nánari grein fyrir slíkum möguleikum enda verði farið með viðkomandi mál í samræmi við ákvæði laga[1].

2.2 TILGANGUR UMHVERFISMATS

Umhverfismat áætlana er aðferð til þess að auka gæði áætlana, breyta þeim og samþætta þær fyrirliggjandi stefnu í umhverfismálum og sjálfbærri þróun. Umhverfismat áætlana er ákveðið ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana svo leggja megi mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Grundvallarhugmyndin með slíku mati er að sá sem mótar stefnuna átti sig á orsakasambandi milli áætlana og umhverfisáhrifa þeirra. Tilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá því á hvaða hátt ákvarðanir um landnotkun og stefnumið Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030 í tilteknum málaflokkum hafa áhrif á umhverfið og hvernig tekið var tillit til þessara áhrifa við mótun aðalskipulagsins. Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Matsvinnan fyrir endurskoðun aðalskipulags miðaði við að þessum tilgangi laganna yrði náð.

2.3 TENGSL VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Við gerð umhverfisskýrslu verður horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum. Horft var einnig til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á.

[1]Sjá nánar viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

2.3.1 ÁÆTLANIR Á LANDSVÍSU

Áætlanir til athugunar	Tenging	Möguleg viðbrögð í skipulagsvinnunni
Svæðisskipulag Miðhálendis Íslands	Haft til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillagan er í samræmi við Svæðisskipulag Miðhálendisins.
Verndaráætlun Vatnjökulsþjóðgarðs	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Aðalskipulag Fljótsdalshrepps er í samræmi við Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028	Haft til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028.
Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020.	Haft til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020.
Aðalskipulag Hornafjarðar 1998-2018	Haft til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Fljótsdalshrepp 2014-2030 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Hornafjarðar 1998-2014. Ósamræmi er á milli sveitarfélagamarka eins og fram kemur í kafla 1.9 í greinargerð.
Deiliskipulag á svæðum sem tillaga að breytingu nær yfir og aðliggjandi svæðum	Deiliskipulag á svæðinu höfð til hliðsjónar við gerð aðalskipulags og við gerð umhverfisskýrslu.	Tillaga að aðalskipulagi gæti kallað á deiliskipulagsgerð.
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020	Tekið er á sorpförgun á Austurlandi.	Skipulagsbreytingin tekur mið af gildandi áætlun.
Landsáætlun 2004 – 2020, Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs	Tekið á sorpförgun	Að tillaga að aðalskipulagi samræmist þeim kröfum sem löggjafinn gerir þessum málaflokki.
Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020	Tekið á öllum málaflokkum	Að tillaga aðalskipulagi samræmist þeim kröfum sem löggjafinn gerir.
Samgönguáætlun 2011-2022 Samgönguáætlun 2011-2014	Hafðar til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillaga að aðalskipulagi er í samræmi við samgönguáætlun.
Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og Náttúruverndaráætlun 2009-2013 og náttúruminjaskrá.	Hafðar til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Fljótsdalshrepp 2014-2030, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillaga aða aðalskipulagi er í samræmi við náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá.
Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Fljótsdalshrepp 2014-2030, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Skipulagsbreytingin tekur mið af gildandi áætlun.

2.3.2 ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykkta liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Fljótsdalshrepps.

Áætlanir til athugunar	Tenging
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar vargfugla.
Ramsarsamningur Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971).	Eyjabakkar eru nýtt svæði sem nýtur verndar á grundvelli Ramsarsamningsins innan Fljótsdalshrepps. Með samningi sem var undirritaður 4.febrúar 2013 var gefið út skjal og uppdráttur sem sýnir afmörkun svæðisins. Í aðalskipulaginu verður svæðið markað sérstaklega innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs. En aðalskipulagið tekur mið af samningnum með því að stefna að því að raska sem minnst votlendi.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Ríó 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Ríó de Janeiró 1992).	Stemmt verði stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsaloftegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995) http://whc.unesco.org	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.
Evrópski landslagssamningurinn ELC2020	Samningurinn skilgreinir landslag í fjölbreytilegri mynd frá ósnortnu landslagi yfir í manngert landslag og leggur á ráð með hvernig best verður farið með stjórn þessa fjölbreyttu auðlind eftir aðstæðum á hverjum stað.

3 UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING

3.1 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS

Í eftirfarandi köflum er fjallað um helstu umhverfisáhrif sem tillaga að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 er líkleg til að hafa í för með sér. Einungis er fjallað um þau stefnumið sem geta haft mögulega neikvæð áhrif. Eftirfarandi verður skoðað í umhverfisskýrslunni :

- **Áhrif stefnu um skógrækt og landgræðslusvæði.** Metin verða áhrif skógræktar almennt á umhverfið en ekki einstakra svæða.
- **Áhrif stefnu um rafveitu:** Metin verða möguleg áhrif Kröflulínu 3 á umhverfið.

3.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

Umhverfisþættir og umhverfisviðmið

Við gerð umhverfisskýrslu fyrir aðalskipulag Fljótsdalshrepps var ákveðið að horfa til umhverfisþáttanna, náttúra, samfélag og auðlindir. Þá koma nokkrir undirþættir sem greinast með eftirfarandi hætti:

- Náttúra: Undirþættir eru landslag, jarðfræði og jarðmyndanir, gróðurfar og dýralíf og vatnafar.
- Samfélag: Undirþættir eru samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, öryggi, sorp og fráveita.
- Auðlindir: Undirþættir eru landrými, verndarsvæði, menningarminjar, orka, vatnsverndarsvæði og jarðefni.

Eftirfarandi viðmið verða höfð til hliðsjónar þegar lagt verður mat á umfang og eðli umhverfisáhrifa:

- Stefnumörkun aðliggjandi sveitarfélaga.
- Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

NÁTTÚRUVERND, LANDSLAG

Náttúruverndaráætlun 2009

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Evrópski landslagsamningurinn ELC - sem Ísland gerðist aðili að og staðfesti í júní 2012

VATNAFAR

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999

[Markmið:] að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á vatni og að flokkun vatns lúti tilteknum reglum, sbr. ákvæði reglugerðarinnar.

Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001

Markmið þessarar reglugerðar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999

Markmið reglugerðar þessarar er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig er það markmið að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.

MENNINGARMINJAR

Lög um menningarminjar 80/2012

Tilgangur þessara laga er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Eftirfarandi eru helstu áhersluatriði „Velferðar til framtíðar," sem geta haft áhrif á aðalskipulag Fljótsdalshrepps:

- Heilnæmt andrúmsloft. Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.
- Hreint og heilnæmt ferskvatn. Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, sem er ómengað af efnum og örverum, til neyslu og annarra nytja. Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga. Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
- Útivist í sátt við náttúruna. Réttur almennings að frjálsu aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.
- Vernd lífríkis Íslands. Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.
- Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra. Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt.
  Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.

Umhverfismatið – aðferðir og framsetning niðurstaðna

Upplýsingar sem nýttar voru við gerð umhverfisskýrslu eru gögn sem aflað hefur verið við gerð gildandi Aðalskipulags Fljótsdalshrepps ásamt gögnum sem tengjast umhverfismati einstakra framkvæmda innan sveitarfélagsins sem og tilkynningargögn og gögn sem aflað hefur verið í tengslum við þá vinnu. Byggt var á fyrirliggjandi upplýsingum um ástand umhverfis í sveitarfélaginu, Aðalskipulagsráðgjafar lögðu mat á umhverfisáhrif aðalskipulagsins, en mat þeirra verður rýnt af stýrihópi aðalskipulags og öðrum sérfræðingum sem kunna að verða kallaðir til.

Matið verður unnið og sett fram í venslatöflum þar sem einstökum áhrifum verða gefnar einkunnir og áhrifamat

skýrt og rökstutt með stuttum texta. Niðurstöður umhverfismatsins í heild verða settar fram í viðauka greinargerðar aðalskipulagsins, en stuttur útdráttur með helstu niðurstöðum um hvert málefni verður jafnframt birtur í þeim köflum greinargerðarinnar þar sem sett er fram stefna um viðkomandi efni.

Við mat á vægi áhrifa verður stuðst við eftirfarandi einkunnir:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Stefna aðalskipulags hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óveruleg	0	Stefna aðalskipulags hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Neikvæð	-	Stefna aðalskipulags hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Háð útfærslu	Ó	Óvissa er um áhrif stefnu aðalskipulags á viðkomandi umhverfisþátt og/eða háð því hvernig stefnan verður útfærð nánar í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

4 UMHVERFISMAT

4.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM ATVINNU

Umfjöllun umhverfismats um atvinnu einskorðast við stefnu sveitarstjórnar um skógræktar- og landgræðslusvæði. Ekki er talið að stefna aðalskipulags Fljótsdalshrepps um landbúnaðarsvæði, iðnaðar-, athafnasvæði og samfélagsþjónustu og verslun- og þjónustu gefi tilefni til að meta þau sérstaklega með samanburði á valkostum en fjallað er almennt um áhrif stefnu sveitarstjórnar í þessum málaflokkum í orðum. Stefnt er að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Skógræktarskilyrði eru almennt góð í sveitarfélaginu og skógræktar- og landgræðslusvæði sem eru nokkuð víðfeðm og ná yfir 21 km^2. Stærsta svæðið er um 4 km^2 og er í landi Víðivallagerðis. Önnur svæði eru minni. Ekki eru skoðaðir sérstaklega valkostir fyrir skógrækt í umhverfismatinu heldur fjallað almennt um áhrif skógræktar á umhverfisþættina. Áhrif stefnu aðalskipulags vegna Skógræktar- og landgræðslusvæða:

Umhverfisþættir	Stefna aðalskipulags um skógræktar- og landgræðslusvæði		
Náttúra	Jarðfræði og jarðmyndanir	*Skógrækt falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúruminjum. Áhersla er lögð á að skógurinn falli vel að landslagi, sé fjölbreyttur og aðlaðandi. Náttúruminjar, söguminjar og athyglisverðir staðir eru ekki klæddir skógi og gætt er að mörgum fleiri þáttum, svo sem fuglalífi, gróðurfari, berjalöndum og útsýni.*	**0**
	Gróðurfar	*Út frá gróðurfari og öðrum umhverfisþáttum er gerð tillaga að vali trjátegunda í skógræktarsvæðið. Mikil áhrif verða á gróður, einkum á svæðum þar sem gróðurþekja er lítil. Neikvæð áhrif geta verið á botngróður en með blöndun tegunda má draga úr þeim áhrifum. Tegundasamsetning gróðurs í skógarreitum mun breytast, en hafa ber í huga að breytingin er úr einu manngerðu gróðurlendi í annað. Verið er að skipta út áhrifum búfjárbeitar fyrir áhrif skógar. Lágvöxnum, ljóselskum plöntutegundum fækkar en skuggþolnar tegundir eru hins vegar líklegar til að nema land með tímanum.*	**-**
	Vatnafar	*Óveruleg enda ekki gert ráð fyrir því að skógur verði ræktaður á mýrum. Getur haft staðbundin áhrif á snjóalög og því einnig á vatnabúskap. Meiri snjór safnast á hæðum en minni snjór í lægðum samanborið við skóglaust land. Á hæðum verður rakastig í jarðvegi því hærra lengra fram á sumar sem bætir skilyrði fyrir allt líf. Fannir sem safnast í lægðum og hlémegin í brekkum verða minni, bráðna fyrr og þar með lengist sumarið fyrir lífverur þar.*	**0**
	Fuglalíf	*Skógrækt getur haft staðbundin áhrif á fuglalíf þar sem yfirleitt er verið að taka gras- eða mólendi undir skógrækt. Áhrifin geta því verið talsvert neikvæð fyrir mófugla eins og spóa en talsvert jákvæð fyrir skógfugla eins og skógarþresti eða músarindil. Á landsvísu eru áhrif talin vera óveruleg vegna takmarkaðs umfangs skógræktar.*	**+/-**
	Veðurfar	*Skógrækt hefur áhrif á vindafar, sérstaklega vindsveipi, skógurinn skapar skjól og breytir nær viðri. Aukin skógrækt getur dregið úr loftmengun. Vaxandi skógur bindur koltvísýring (CO2) úr andrúmsloftinu til langs tíma í formi viðar og kolefnissambanda í jarðvegi.*	**+**

	Landslag	*Skógrækt hefur áhrif á landslag. Með meiri skógrækt eykst hlutfall skógarlandslags og skörp skil geta myndast á jöðrum skógræktar og lands utan skógræktar. vegna hæðar, áferðar og litar skógarins. Skógur getur dregið fyrir útsýni að einstökum landslagsþáttum frá ákveðnum stöðum. Lítið umfang fyrirhugaðrar skógræktar (5% láglendis) þýðir að útsýni að stærri landslagsþáttum, s.s. fjöllum, mun ekki spillast svo nokkru nemi. Hins vegar gæti útsýni spillst að smærri landslagsþáttum, t.d. útsýni að fossi frá vegi. Þar sem þannig háttar til þarf að taka á því í hönnun skógræktar og tryggja að skógur spilli ekki sýn að mikilvægum landslagsminjum. Í þessu tilliti skiptir staðsetning skógar í landslagi verulegu máli. Skógur í neðanverðri fjallshlíð spillir ekki útsýni og hefur tiltölulega jákvæð áhrif á ásýnd lands að mati margra. Skógrækt á flatlendi, sérstaklega nálægt vegum, getur hins vegar spillt útsýni. Það vill svo til að skógræktarskilyrði eru yfirleitt mun betri í brekkum en á flatlendi og eru þær því líklegri til að verða fyrir valinu sem skógræktarsvæði. Með skjólbeltarækt breytist landslag ræktunar og verður munurinn einkum sá að skurðir verða minna áberandi og tún verða afmörkuð með skjólbeltum í staðinn.*	**-**
Auðlindir	Landrými, verndarsvæði, orka, menningar-minjar, vatns-verndarsvæði og jarðefni	*Áhrif á aðra landnotkun er óveruleg enda skógræktarsvæði helst í landi sem hentar illa til annarrar landnotkunar: Helst ber þó að nefna skerðingu beitarlands. Getur haft áhrif á samgöngur vegna jöfnunar snjólaga þá ýmist jákvæð eða neikvæði áhrif sem og hamlað sýn manna. Áhrif á menningaminjar eru talin vera óveruleg þar sem þess verður gætt að ekki verði farið nær minjum en 100 m.*	**0**
Samfélag	Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita	*Áhrif vegna skógræktar á hagræna og félagslega þætti umhverfisins eru talin vera talsvert jákvæð. Skógrækt eflir atvinnumöguleika, einkum þegar litið er til framtíðar. Aðstaða til útivistar verður fjölbreyttari þar sem skógar eru gerðir opnir til útivistar. Aukin efnahagslegur ávinningur getur hlotist vegna aukinnar ferðaþjónustu.* *Áhrif á heilsu og öryggi eru óveruleg. Getur haft jákvæð sálræn áhrif á suma en neikvæð á aðra.*	**0/+**

4.1.1 Samantekt niðurstöðu

Markmið um skógrækt eiga eftir að hafa talsverð jákvæð áhrif í sveitarfélaginu, svo fremi að þess verði gætt að komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif. Það er m.a. gert með því skilgreina fornleifar á svæðum við undirbúning skógræktar sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. Þar segir að helgunarsvæði friðlýstra fornleifa sé skilgreint 100 m. Ennfremur segir: „Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“

Svæði innan 30 m frá miðlínu vega, svæði innan 5 m frá raflínum eru ekki ætluð til ræktunar. Þetta á einnig við um önnur viðkvæm svæði, s.s. svæði á náttúruminjaskrá, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Í framhaldi af þessu er minnt á 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda sem fara skal eftir. Í henni segir að öll ræktun útlendra tegunda sé óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m.y.s.

4.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMGÖNGUR OG GRUNNKERFI

Stefnumörkun aðalskipulagsins um Kröfulínu 3 er talin vera sú stefna sem einna helst geti haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér þar sem um nýja línu er að ræða. Önnur stefna í öðrum málaflokkum í kaflanum um samgöngur og grunnkerfi er ekki talin hafa veruleg umhverfisáhrif og er því ekki metin sérstaklega. Ekki er gerður samanburður á tæknilegurm útfærslum línunnar en sú umfjöllun mun fara fram í umhverfismati framkvæmdarinnar.

Valkostur A: Er sú línuleið sem lögð er til í umhverfismati fyrir Kröflulínu 3 en hún liggur yfir Fljótsdalsheiði að Sandskeiðskíl og vesturenda Garðavatns, og þaðan í tveimur beygjum fram á brún Teigsbjargs. Línan liggur síðan fram af Teigsbjargi að tengivirki í Fljótsdal, á svipaðan hátt og Kröflulína 2.

Valkostur B: Yfir Fljótsdalsheiði að Sandskeiðskíl og vesturenda Garðavatns, og þaðan í tveimur beygjum fram á brún Teigsbjargs. Frá bjargsbrún að tengivirki í jarðstreng á hentugum stað niður hlíðina að tengivirki í Fljótsdal.

Núllkostur felur það í sér að ekki verði reist háspennulína frá Krófluvirkjun að Fljótsdalsstöð. Þá yrði ekki um að ræða þann ávinning sem stefnt er að eins og aukið afhendingaröryggi, meiri flutningsgeta og gæði raforku. Að jafnaði má gera ráð fyrir því að um óbreytt ástand verði að ræða á þeim náttúrufarsþáttum sem til skoðunar eru í mati á umhverfisáhrifum.



Mynd 4-1. Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða loftlínuleið Kröflulínu 3 sem er sýnd með grænni línu á myndinni.

Umhverfis-þættir	**Stefna aðalskipulags um Kröflulínu 3 sbr.kafla um rafveitur**				
Náttúra	**Valkostur A**		**Vægi**	**Valkostur B**	**Vægi**
	Jarðfræði og jarðmyndanir	Möguleg neikvæð áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir en takmarkast við núverndi línustæði sem þegar hefur verið raskað með linugerð. Neikvæð áhrif vegna efnistöku ef opna þarf nýjar námur.	-	Möguleg neikvæð áhrif á jarðmyndanir vegna þar sem grafa þarf niður jarðstreng.	-
	Gróðurfar	Línan liggur yfir gróið land að hluta og hefur því neikvæð áhrif á gróðurfar.	-	Möguleg neikvæð áhrif þar sem línan og jarðstrengur liggja að hluta til yfir gróið land.	-
	Vatnafar	Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir hafi áhrif á lífríki veiðivatna en ef framkvæmdir verða innan 100 m frá bakka þeirra verður leitað leyfis Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006.	0	Sömu áhrif og valkostur A.	0

	Fuglalíf	Áhrif á fuglalíf geta orðið vegna ónæðis af framkvæmdum séu þær í gangi á viðkvæmum varp-eða uppeldistíma. Ekki er talið að bein áhrif á fuglalíf verði veruleg vegna slóða og mastursstæða. Talið er að áhrif á annað dýralíf séu óveruleg.	-	Sömu áhrif og valkostur A.	-
	Landslag	Jarðrask af völdum framkvæmda getur haft í för með sér áhrif á landslag og ásýnd. Helstu áhrif á fyrrgreinda þætti verða vegna mastra og leiðara háspennulínanna.	-	Sömu áhrif og valkostur A á þeim hluta leiðarinnar þar sem um er að ræða loftlínu. Minni sjónræn áhrif þar sem jarðstrengur tekur við þar sem ekki verða tvær loftlínur en þó einhver sjónræn áhrif af gerð jarðstrengs sér í lagi vegna slóðagerðar.	-/+
Auðlindir	Menningar-minjar,	Áhrif á fornleifar geta helst orðið af völdum jarðrasks, í fyrsta lagi í mastursstæðum, í öðru lagi þar sem slóð er lögð, og í þriðja lagi á efnistökustöðum. Mannvirkjum verði hliðrað eins og kostur er þannig að fornleifum verði ekki raskað.	0	Sömu áhrif og valkostur A.	0
Samfélag	Atvinnulíf, ferðamennska og útivist	Háspennulínan kann að hafa áhrif á hagræna og félagslega þætti, einkum er talið að línan geti haft neikvæð áhrif á útivist fólks á svæðinu vegna sjónrænna áhrifa auk jákvæðra áhrifa á atvinnulíf á framkvæmdatíma og með auknu afhendingarörryggi, gæði og afköstum sem getur stuðlað að auknum tækifærum í atvinnulifi svæðisins. Frekari umfjöllun er vísað í umhverfismat framkvæmda.	?	Sömu áhrif og valkostur A að bjargsbrún. Möguleg minni sjónræn áhrif af jarðstreng og þannig jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku á láglendinu.	?

4.2.1 Samantekt niðurstöðu

Niðurstaða samanburðar á valkosti A og B er álíka að bjargsbrún þar sem um sömu línuleið er að ræða . Valkostur B gerir ráð fyrir að jarðstrengur taki við af loftlínu frá bjargsbrún og liggi á hentugum stað niður hlíðina til að lágmarka rask eins og kostur er. Með því er hægt að minnka sjónræn áhrif af loftlínu en ávallt verða einhver sjónræn áhrif af jarðstreng vegna slóðagerðar og fleygunar sem honum fylgja. Niðurstaða umhverfisskýrslu leiðir í ljós að á stærstum hluta leiðarinnar er hægkvæmara að leggja loftlínu en jarðstreng. Sjónræn áhrif munu augljóslega aukast og þá sérstaklega ef loftlína verður fyrir valinu niður Valþjófsstaðafjall. Jarðstrengur getur verið ákjósanlegur á hluta leiðarinnar t.d. frá bjargbrún niður að stöðvarhúsi. Þar sem mjög erfitt er að fara með jarðstreng niður Valþjófsstaðafjall þá þarf að fara í mjög ítarlega skoðun á leiðarvali í samráði við Landsnet og aðra hagsmunaaðila. Valin er því sú leið að fylgja þeirri stefnu

sem fram kemur í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 þar sem Kröfulína 3 er sýnd sem loftlína, (Fljótsdalslína 1) en gerður er fyrirvari um línuna í greinargerð aðalskipulags.

4.3 MÓTVÆGISAÐGERÐIR, VÖKTUN

Ekki er talin þörf á sérstökum viðbúnaði eða mótvægisaðgerðum vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Lögboðnir eftirlitsaðilar fylgjast með ákveðnum þáttum umhverfisins. Heilbrigðiseftirlit Austurlands fylgist með vatnsgæðum í ám og vötnum, vatnsbólum og fráveitumálum eftir ákveðinni áætlun. Heilbrigðiseftirlitið fylgist einnig með þeirri starfsemi, sem er starfsleyfisskyld og starfsemi, sem haft getur neikvæð áhrif á umhverfi sitt t.d. með lykt. Hafa ber samráð við Minjavernd ríkisins þannig að fylgst verði með framkvæmdum sem haft geta áhrif á skráða minjastaði. Sett eru skilyrði um skráningu og rannsóknir fornleifa vegna skipulags og framkvæmda þar sem aðalskrá fornleifa hefur ekki verið unnin. Lögregla fylgist með umferðarhraða á þeim vegum sem skilgreindir eru í aðalskipulaginu. Almannavarnanefnd fylgist með hættu á ofanflóðum. Vöktun vegna reksturs nýrra fyrirtækja og framkvæmda verður ákveðin í áhrifamati viðkomandi framkvæmdar eða rekstrar eftir því sem við á.

Gæta skal umhverfissjónarmiða þegar farið er í skógrækt. Ekki skal taka gott landbúnaðarland undir skógrækt, t.a.m. tún.

Í Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps eru sett fram markmið í tengslum við landgræðslu og skógrækt. Í þeim eru fólgnar vissar mótvægisaðgerðir en markmiðin eru:

a. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum.

b. Taka skal tillit til þekktra fornminja. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkum minjum en 20 m.

c. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga og hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.

d. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.

e. Skógur verði ekki ræktaður mjög nálægt vegum. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum nær aðalvegum en 30m miðað við miðlínu og ekki nær öðrum vegum en 20m. Þessar fjarlægðir ættu að nægja í flestum tilvikum til þess að skóg- og skjólbeltarækt skapi ekki vandræði (s.s. snjósöfnun á vegi og hindrun útsýnis).

f. Með sérstakri hönnum jaðra og notkun á lágvaxnari tegundum þar eru skil á skógarjöðrum milduð.

4.3.1 MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR SKV. LÖGUM UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf. Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana og óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lögin ná til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulags-áætlanir samkvæmt skipulagslögum nema ákvæða þeirra hafi verið gætt.

Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Dæmi um framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum:

- **Kröflulína 3** en loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri.

5 SAMRÁÐ

Aðalskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu fyrir Fljótsdalshrepp hefur verið til umfjöllunar hjá skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn síðan 2012. Við mótun aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030 var víða leitað eftir athugasemdum og ábendingum bæði hjá nágrannasveitarfélögum, ríkisstofnunum og öðrum hagsmunaaðilum.

5.1 KYNNING UMHVERFISSKÝRSLU

Tillaga að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 og umhverfisskýrsla verður kynnt umsagnaraðilum og almenningi og auglýst með lögformlegum hætti. Umsagnaraðilum og almenningi gefast sex vikur til að kynna sér aðalskipulagið og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum áður en aðalskipulagið er afgreitt og staðfest.

6 SAMLEGÐARÁHRIF OG HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNU

Umhverfisáhrif Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014 – 2030 eru þegar á heildina er litið talin frekar jákvæð.

Helstu áhrif stefnumótunar og aðgerða í skipulagsáætluninni snúa að sjónrænum áhrifum á landslag og að ásýnd sveitarfélagsins komi til með breytast með aukinni skógrækt.

Stefnumótun aðalskipulags er til þess gerð að styrkja sveitarfélagið sem búsetukost í framtíðinni. Hér er fyrst og fremst horft á framtíðarmöguleika sem geta skapast í atvinnulífi, styrkingu innviðar samfélagsins, auknum tækifærum á sviði landbúnaðar og ferðaþjónustu. Til þess að viðhalda og vernda náttúrufar í sveitarfélaginu hafa svæði verið afmörkuð sem svæði á náttúruminjaskrá og hverfisvernduð svæði hvort sem það er vegna sérstæðra náttúruminja eða menningarminja.

Í heild sinni er talið ólíklegt að náttúrufar, landslag, ásýnd og upplifun sveitarfélagsins komi til með að breytast verulega. Það er því niðurstaða matsvinnu að Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014 –2030 sé ekki líklegt til *að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum* sbr. lög 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana.

7 UPPDRÆTTIR

7.1 ÞEMAUPPDRÆTTIR



BÚREKSTUR Í FLJÓTSDALSHREPPI



ÞJÓÐLENDUR Í FLJÓTSDALSHREPPI

VEGAKERFI Í FLJÓTSDALSHREPPI TENGI-, HÉRAÐS- OG LANDSVEGIR



VIRKJANIR Í FLJÓTSDALSHREPPI LÓN, JARÐGÖNG OG MEGINRAFLÍNUR



EFNISTÖKUSVÆÐI Í FLJÓTSDALSHREPPI



GRUNNKERFI LAGNA RAFMAGNSLÍNUR LJÓSLEIÐARAR Í FLJÓTSDALSHREPPI



SKÓGAR OG SKÓGRÆKTARSVÆÐI Í FLJÓTSDAL



SKÁLAR, GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR Í FLJÓTSDALSHREPPI



VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR, NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG HVERFISVERND Í FLJÓTSDALSHREPPI



SKRÁÐAR MENNINGARMINJAR Í FLJÓTSDALSHREPPI



SKRÁÐAR VOLGAR UPPSPRETTUR OG LÍKLEG JARÐHITASVÆÐI Í FLJÓTSDALSHREPPI

8. HEIMILDIR

8.1 RITAÐAR HEIMILDIR

Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014.

Alþingi 2010: Skipulaglög. 123/2010.

Alþingi 2006: Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Alþingi 1999: Náttúruverndarlög nr. 44/1999

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi, 188 bls.

Niðurstaða vinnuhóps frá LBHÍ, Skipulagsstofnun og Landgræðslu rík. „Drög að skilgreiningu á akuryrkjulandi í skipulagi“ Minnisblað fyrir Búnaðarþing 2011. 3 bls.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland, 56 bls.

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, 63 bls.

Rangárþing eystra „Flokkun landbúnaðarlands“ Steinsholt 7 bls. 2013

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir, 133 bls.

Jarðhitaleit í Fljótsdalshrepp 1 og 2: Jón Benjamínsson jarðfræðingur 2009 og 2010.bls.9 og 12.

Landsvirkjun: Kárahnjúkavirkjun Flóð vegna stíflurofs (endurskoðuð) Inngangur og bls. 19.

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa, 64 bls.

Samgönguráðuneytið 2013: Samgönguáætlun 2011-2014.

Samantekt á árlegri kolefnisbindingu og losun í Fljótsdalshreppi Lárus Heiðarsson skógfræðingur 2013 21 bls.

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

”Skógrækt á Íslandi – Stefna á 21.öld” nefndarálit til ráðherra 2013

”Skógar og skógræktarsvæði” mælingar og úttekt gerð af Skógrækt rík. Mógilsá.

Vegagerðin 2002: Námur, efnistaka og frágangur.

Vegagerðin 2007: Vegir og skipulag, leiðbeiningar Vegagerðarinnar fyrir sveitarfélög og skipulagshöfunda

Vaxtarsamningur Austurlands 2010-2014

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004, 29 bls

8.2 VEFHEIMILDIR

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: www.brsi.is

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: http://is.wikipedia.org

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is

Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Landsvirkjun: www.lv.is

Landnet: www.landsnet.is

Nordic Adventure Travel: www.nat.is

Orkustofnun: www.os.is

Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is

Skipulagsstofnun: www.skipulag.is

Héraðsskógar: www.heradsskogar.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is